

**Nd.**

**627. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 113 30. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund krónum“ í 1. gr. laganna kemur: 225 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir orðin „150 þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 225 þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á síðastl. ári voru samþykkt á Alþingi lög um lendingarbætur í Grindavík. Voru úr ríkissjóði veittar kr. 150 þús. til þeirra framkvæmda.

Á síðasta sumri var verk þetta hafið og þá byggð bryggja í hinu svonefnda Hópi. Að sumri er svo ætlað að ljúka verkinu með dýpkun rennu inn í Hópið og dýpkun á Hópinu sjálfu.

Samkvæmt áætlun vitamálastjóra verður heildarkostnaður mannvirkis þessa kr. 450 þús. Er hér farið fram á að hækka hvort um sig, ríkisábyrgð og framlag ríkissjóðs, um 75 þús. kr. til viðbótar þeim 150 þús., er áður nefnd lög ákváðu ábyrgðina og framlagið.

Frv. því, er á síðasta þingi var flutt um þetta, fylgdi ýtarleg og mjög greinargóð skýrsla gagnkunnugra manna. Þykir nægja að vísa til hennar.